

Fundargerð 18. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn föstudaginn 13. júní 2008, kl. 8:30-10:10 í iðnaðarráðuneytinu.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Einar Karl Haraldsson varaformaður, Anna G. Sverrisdóttir, Gunnar Sigurðsson, Pétur Rafnsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og áheyrnarfulltrúinn Ólöf Ýrr Atladóttir.

Forföll boðuðu: Dagur B. Eggertsson, Gunnar Már Sigurfinnsson, Dóra Magnúsdóttir og Helga Haraldsdóttir, áheyrnarfulltrúi.

Björg Þorkelsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

Fundargerð síðasta fundar.

Framlög hins opinbera til markaðsmála 2008.

Tillögur nefndar um fjármögnun og skipulag til kynningar og umsagnar.

Hvalveiðar og ferðaþjónustan.

Umhverfismál sem hluti af ímynd ferðaþjónustufyrirtækja. Fltr. Icelandair.

Slæm útkoma veitingastaða á landsbyggðinni í könnun Ferðamálastofu. Hvað er til ráða? – Frestað á síðasta fundi.

Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 17. fundar samþykkt.

2. Framlög hins opinbera til markaðsmála 2008.

Málið rætt frá ýmsum hliðum. Allir hafa áhyggjur af því litla fjármagni sem fer til markaðsmála. Vekja þurfi á ný athygli ráðherra á þessu svo bregðast megi við sem allra fyrst.

Ferðamálaráð mun senda bréf til ráðherra og lýsa áhyggjum af skorti á fjármagni til markaðssetningar. *

3. Tillögur nefndar um fjármögnun og skipulag til kynningar og umsagnar.

Farið vandlega yfir skýrslu nefndar um skipulag og fjármögnun ferðaþjónustunnar. Fjórir fulltrúar í ferðamálaráði tóku þátt í gerð skýrslunnar og sitja hjá í umræðum en svara spurningum.

Ferðamálaráð styður heilshugar þær tillögur sem fram koma í skýrslu nefndarinnar og mun senda ráðherra ályktun þar að lútandi.**

4. Hvalveiðar og ferðaþjónustan.

Möguleg áhrif hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu rædd. Ekki næst samstaða um að senda ráðherra ályktun þar sem varað er við neikvæðum áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustuna og mun formaður fara yfir málið á milli funda.

5. Umhverfismál sem hluti af ímynd ferðaþjónustufyrirtækja.

Frestað. AGS leggur til að málið verði rætt á breiðari grunni og ákveðið að taka það á dagskrá ráðsins síðar.

6. Slæm útkoma veitingastaða á landsbyggðinni í könnun Ferðamálastofu. Hvað er til ráða? – Frestað á síðasta fundi.

EKH leggur til að efnt verði til verðlauna fyrir besta skyndibitastaðinn á landsbyggðinni.

Hægt að búa til stjórnkerfi, viðurkenningar og jákvæða stemmningu.

Ferðamálastofa og Nýsköpunarmiðstöð taki málið fyrir. ÓÝA mun fylgja málinu eftir og fara yfir hvort Ferðamálastofa muni taka upp verðlaunakerfi fyrir skyndibitastaði eða mögulegt samstarf við einhverja af útvarpsstöðvunum um vitundarvakningu á þessu sviði.

7. Önnur mál.

PR og AGS lýsa áhyggjum af stöðu upplýsingamiðlunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samþykkt að senda Reykjanesbæ hvatningu um að komið verði án tafar upp viðunandi aðstöðu og þjónustu í upplýsingamiðstöð í Leifsstöð.

EKH stingur upp á að ferðamálaráð fari í haustferð á Barðaströnd og Látrabjarg.

Fundi slitið 10:10. Ákveðið er að hittast í kringum 20. ágúst. Haustferð rædd þá.

*

**** Ályktun um tillögur nefndar iðnaðarráðherra um skipulag og fjármögnun í ferðaþjónustu**

Ferðamálaráð lýsti á fundi sínum 13. júní sl. stuðningi við meginatriði tillagna sem settar eru fram í niðurstöðum nefndar um skipulag og fjármögnun í ferðaþjónustu sem iðnaðarráðherra skipaði í febrúar á þessu ári og skilaði álitinu sínu í lok maí.

Það er sameiginlegt mat nefndarinnar og ráðsins að öflug og markviss markaðssetning sé grundvallaratriði eigi ferðaþjónusta á Íslandi að halda áfram að vera sú mikilvæga stoð sem hún nú er – hvort sem horft er til gjaldeyristekna, atvinnusköpunar, byggðastyrkingar eða menningarmiðlunar. Ráðið telur nauðsynlegt að ríkið stefni að því að verja amk 500 milljónum króna árlega til slíkrar markaðssetningar og sé þá miðað við að aðilar á markaði verði ekki eftirbátar hvað snertir fjárfestingu í markaðssetningu. Ráðið ítrekar einnig stuðning sinn við þær hugmyndir sem reifaðar voru í skýrslu ímyndarnefndar forsætisráðherra undir heitinu Promote Iceland

Ferðamálaráð hvetur til þess líkt og nefndin um skipulag og fjárfestingu í ferðaþjónustu að landinu verði skipt upp í svæði á grunni sameiginlegra, svæðisbundinna hagsmuna og að aðkoma hins opinbera að markaðsstofum landshlutanna sé m.a. skilyrt við afgerandi aðkomu sveitarfélaga, ferðaþjónustufyrirtækja og allra annarra hagsmunaaðila innan hvers svæðis.

Ferðamálaráð fagnar því að nefndin leggur áherslu á það áhugamál ráðsins að fjölga beri meginferðamannastöðum (seglum) um land allt, enda er aukin dreifing ferðamanna um landið einn af lykilþáttum þess að ferðaþjónusta verði sjálfbær atvinnugrein og að komið verði í veg fyrir að gengið sé á hennar helstu auðlind, þ.e. landið sjálft.

Ferðamálaráð tekur undir þau sjónarmið að efla beri Ferðamálastofu sem opna og greiðfæra gátt fyrir aðkomu hins opinbera að ferðaþjónustu og að samstarf verði eflt milli stofnana sem þjóna íslenskri ferðaþjónustu. Það má til að mynda gera með því að koma á samstarfsvettvangi forsvarsmanna Ferðamálastofu, Byggðastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Útflutningsráðs og Umhverfisstofnunar.

Loks telur ferðamálaráð eðlilegt að hlutverk ráðsins sjálfs sé endurskoðað og því verði falin viðfangsefni í samræmi við ýmsar þær breytingar sem nefndin leggur til, t.a.m. í sambandi við mótun samningsmarkmiða um stofnun landshlutastofa og stefnumótun í þróun og markaðsmálum ferðaþjónustunnar.